

Almennur félagsfundur 11. október 2022

Félagsheimili Ljúfs

Kynning **reiðhallarnefndar**. Heiðrún rennir yfir stöðuna. Búið að kynna verkefnið fyrir bæjarstjóra. Næsti fundur 20. október þar sem verður farið dýpra í áætlanir og styrkjamál.

Raflýsing hesthúsahverfis rædd, er í farveg, komnar teikningar. Stjórn er að ýta á að framkvæmdin fari í gang sem fyrst.

Æskulýðsnefnd - Polly. Plan fyrir veturinn, pollanámskeið í nóv. Jólagleði 19.des. Paratímar fyrir börn og unglinga eftir áramót og frameftir. Pollanámskeið í feb. Krakkagleði 1x í mánuði frá feb ofl.

Vill fá að vita hvenær mótanefnd skipuleggur mót til að geta haft reiðtíma fyrir mótin.

Hugmynd að félagið eigi kerru til að geta nýtt? Svo krakkar komist á námskeið þó foreldrar eigi ekki kerru.

- Hefur verið rætt áður en erfitt að framkvæma. Frekar að ræða við kerrueigendur um að leigja/lána kerrur fyrir viðburði.

Fræðslu- og skemmtinefnd.

Knapamerkjanámskeið um miðjan nóvember. Verklegt eftir áramót. Kristín mælir með að dreifa frekar tímum aðeins en að hafa heila daga - erfitt að taka inn mikið magn af upplýsingum í einu. Nefndin er í viðræðum við reiðkennarann um tímasetningar ofl. Verður auglýst sem fyrst þegar allt er komið á hreint.

Vetrarbingó.

Áhugi er hjá félagsmönnum fyrir að Reiðmanninum en byrja á knapamerkjum og koma upp reglulegu námskeiðahaldi.

Mótanefnd. Erla er ein, Polly og Linda vilja koma inn í nefndina.

Það verður sett upp viðburðadagatal á heimasíðu.

Reiðveganefnd. Verið að klára veg Varmá-Þorlákshafnarvegur.

Icebike vill fá fund til að ræða reiðvegi og vera viss um að vera ekki fyrir.

Það þarf að setja upp bláu skiltin. **Þráinn og Snævar ætla í málið.**

Aldís minnir á skemmd í vegi, Cora ætlar að skoða þetta með henni.

Þarf að passa merkingar við Ölfusárós. Aldís segir leiðina alltaf vera stikaða.

Það þarf að finna samning um reiðvegastyrki. Væri gott að hafa vísitölutengdan, það er þannig í Ölfusi.

Það koma göng undir sveitaveg hjá Hvoli, það eru komin göng undir þjóðveg.

Draumur að laga gamlar leiðir upp á Hellisheiði, t.d. frá Riftúni og upp á fjallið.

Polly bendir á að við missum reiðveg út af zipline. Ragga greinir frá því að það er víst búið að skipuleggja þannig að það á ekki að trufla hestamenn. Zipline á að sjá um að við séum örugg og við missum ekki reiðveg.

Það þarf að laga aðgengi að Sólborgarlandi.

Beitar- og mannvirkjanefnd. Það verður lokað fyrir vatn í hólfum á fimmtudaginn 13. okt.

Beit hefur verið mikið nýtt í sumar. Hátt í 40 hross í Sólborgarlandinu.

Það þarf að efnisskipta og merkja reiðgerði. Er styrkur fyrir það? Þarf mögulega að tvískipta, drenmöl undir og reiðvegæfni yfir. Þarf að gera sem fyrst. **Nefndin skoðar kostnað** og heyrir svo í stjórninni.